

BORGARRÁÐ 2. júlí 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um styrkingu Leigjendasamtakanna - R20070030

Lagt er til að Reykjavíkurborg styrki hagsmunasamtök leigjenda, með því að leggja til húsnæði undir starfsemina og rekstrarkostnað miðað við tvo launaða starfsmenn svo leigjendum takist að byggja upp hagsmunabaráttu sína. Eins og staðan er nú er helsta aðstoðin sem leigjendum stendur til boða í formi símatíma frá 12:30-15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum sem Neytendasamtökin bjóða upp á í gegnum leigjendaaðstoð. Sú aðstoð er fyrir leigjendur íbúðarhúsnæðis samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið. Í ljósi þess að stór hluti leigjenda býr í Reykjavík er eðlilegt að borgin komi að því að styrkja starfsemi Leigjendasamtakanna, þar sem staða leigjenda er oft mjög erfið og það er mikilvægt að geta sótt í aðstoð og þekkingu. Þegar litið er yfir húsnæðismarkaðinn hefur hann í auknu mæli snúið að því að þjóna þörfum leigusala og stórra hagnaðardrífina leigufyrirtækja en ekki leigjenda og markaðsvæðing húsnæðiskerfisins hefur stóraukist. Það er mikilvægt að borgin haldi utan um hagsmuni borgarbúa sem leigjenda í þessu samhengi. Velferðarsviði verði falið að útfæra efni tillögunnar með því að leita til samtaka leigjenda á Íslandi: Leigjendasamtakanna.